



Alþingi  
Erindi nr. P 136/534  
komudagur 16.12.2008

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### Minnisblað

Móttakandi: Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis Dags.: 15. desember 2008

Sendandi: Samband íslenskra sveitarfélaga Málsnr.: 0812705SA/GB Tilv.: 230

Efni: **Frumvarp til laga um þjónustumiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda, 234. mál**

Samband íslenskra sveitarfélaga styður ofangreint frumvarp en gerir alvarlega athugasemd við að frumvarpið barst til umsagnar föstudaginn 12. desember með ósk um að umsögn bærist félags- og tryggingamálanefnd eigi síðar en mánudaginn 15. desember. Samband íslenskra sveitarfélaga sér sér ekki fært að skila formlegri umsögn um frumvarpið innan þessa skamma umsagnarfrests og telur sambandið þessi vinnubrögð nefndarinnar óviðunandi.

Eins og lýst er í almennum athugasemdum við frumvarpið er það byggt á tillögum nefndar sem upphaflega var skipuð af menntamálaráðherra til að bæta þjónustu við blinda og sjónskerta. Einnig var við gerð þess haft samráð við verkefnisstjórn um bættu þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda sem starfað hefur á vegum félags- og tryggingamálaráðherra frá því í mars 2008 til að fylgja eftir undirbúningi nýrrar þjónustumiðstöðvar. Sérfræðingar í skólamálum, tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hafa tekið þátt í þessari vinnu og í öllum meginatriðum er ágæt sátt um efni frumvarpsins og hlutverk hinnar nýju stofnunar.

#### **Almennar athugasemdir við 2., 4. og 9. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir sambandsins lúta að breytingum sem gerðar voru á frumvarpinu áður en það var lagt fram á Alþingi. Einkum telur sambandið gjaldtökuheimild þjónustumiðstöðvarinnar of óljósa og víðtæka með því að í 9. gr. er vísað almennt til verkefna hennar skv. 4. gr. frumvarpsins. Virðist augljóst að ekki verður um gjaldtöku að ræða vegna ýmissa verkefni þjónustumiðstöðvarinnar sem talin eru upp í 4. gr. Einnig virðist eðlilegt að kveða á um að ráðherra staðfesti gjaldskrá fremur en að sett verði reglugerð um gjaldtöku, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Jafnframt er eðlilegt að þjónustumiðstöðin hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð gjaldskrár fyrir þjónustu skv. 5. mgr. 4. gr., sem og vegna endurskoðunar á þeirri gjaldskrá. Er því lagt til að við málgreinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: *Skal hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um gerð gjaldskrár fyrir þjónustu við sveitarfélög.*

Sú þjónusta sem fellur undir ofangreint ákvæði er skilgreind í skýringum við 4. gr. frumvarpsins. Sveitarfélögin bera ábyrgð á sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskólanemendur. Vegna þess hve fötlun af völdum sjónskerðingar, blindu eða daufblindu er fátíð hafa þau sjaldnast yfir að ráða eða aðgang að nægri sérfræðiþekkingu til að þjónusta þessa nemendur. Sveitarfélögin hafa lýst áhuga á því að geta samið við hina nýju stofnun um að annast þjónustu við nemendur með



fötlun af þessu tagi og gerir frumvarpið ráð fyrir að stofnunin geti tekið að sér að annast slíka þjónustu á grunnavelli þjónustusamnings og þá gegn endurgjaldi af hálfu viðkomandi sveitarfélaga.

Sambandið telur eðlilegt að samráðsnefnd sem ráðherra skipar skv. 3. mgr. 2. gr. fái það verkefni að fjalla um gjaldskrártillögur og hafa um leið eftirlit með framkvæmd laganna að því er varðar gjalddöku. Er því lagt til að við 4. mgr. 2. gr. bætist orðin: *og gjaldskrártillögur.*

### **Ferðakostnaður vegna þjónustu blindráðgjafa**

Á yfirstandandi skólaári eru sveitarfélögin í fyrsta sinn krafin um greiðslu fyrir kennsluráðgjöf blindráðgjafa vegna leik- og grunnskólabarna þótt skýr heimild til slíkrar gjalddöku sé enn ekki fyrir hendi í lögum. Á höfuðborgarsvæðinu hefur verið sátt um þetta breytta fyrirkomulag en hið sama er ekki hægt að segja um landsbyggðina, þar sem einhver sveitarfélög ekki séð sér fært að nýta sér þjónustu blindráðgjafa vegna mikils kostnaðar. Dæmi eru um að einstök heimsókn kosti um 100.000 kr, sem skýrist af ferðakostnaði og gjalddöku fyrir ferðatíma. Til samanburðar er kostnaður fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu af hverri heimsókn kennsluráðgjafa um 12.000 kr. að meðtöldum ferðakostnaði.

Þess skal getið að fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hefur sent sambandinu ályktun, dags. 23. september sl., þar sem óskað er eftir að menntamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og sambandið endurskoði gjalddöku vegna þessarar þjónustu. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur leitað eftir því við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að hann veiti sveitarfélögum stuðning í slíkum tilvikum en niðurstaða liggur ekki enn fyrir.

Að áliti sambandsins væri þó mun eðlilegra að þjónustumiðstöðin axlaði sjálf kostnað vegna ferða ráðgjafa út á land á grundvelli fjárheimilda hennar skv. fjárlögum enda er þjónustumiðstöðinni ætlað það hlutverk að þjóna landinu öllu.

### **Nánar um þjónustu við sveitarfélög, sbr. 5. mgr. 4. gr.**

Við ákvörðun um skipulag þjónustu við leik- og grunnskólabörn er nauðsynlegt að skilgreina vel þá þjónustu sem hvert barn þarfnast. Nýlega voru gefnar út leiðbeiningar til sveitarfélaga við gerð og samþykkt þjónustuáætlaða á leik- og grunnskólastigi, þar sem tekið er mið af verkferlum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Í leiðbeiningunum er lögð áhersla á að kennsluráðgjafi geri einstaklingsáætlun á grunni mats, í samstarfi við foreldra, skóla og aðra þjónustuaðila. Slíka áætlun skal leggja fyrir skólaskrifstofu til samþykktar áður en samið er um veitingu þjónustu, sbr. 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Sambandið bendir jafnframt á að á árinu voru sett ný lög um leikskóla, nr. 90/2008, og grunnskóla, nr. 91/2008. Ekki hafa enn verið settar nýjar reglugerðir um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla á grundvelli þeirra laga. Í þeim verður kveðið nánar á um skyldur sveitarfélaga við fatlaða nemendur en gert er í lögnum.



Af sambandsins hálfu er lögð áhersla á að við gerð áætlunar sé tekið mið af aðstæðum í hverjum skóla, þ.e. hvaða þjónustu er raunhæft að starfsmenn viðkomandi skóla/sérfræðiþjónustu geti veitt nemendum með hliðsjón af þeirri fagþekkingu og reynslu sem starfsmenn sveitarfélagsins hafa. Sveitarfélögin munu þannig ekki kaupa meiri kennsluráðgjöf en nauðsynlegt er. Einnig er mikilvægt að sveitarfélög undirbúi móttöku slíkra nemenda af kostgæfni, t.d. með því að senda kennara á námskeið.

Þess má því vænta að einhverjir leik- og grunnskólar séu í stakk búnir til að veita blindum, sjónskertum og dauðblindum nemendum þjónustu án mikillar aðstoðar frá þjónustumiðstöðinni á meðan aðrir skólar geti þurft að kaupa mikla sérkennslu og ráðgjöf. Mikilvægt er að umfang og skipulag þjónustu við þessa nemendur taki mið af aðstæðum í hverju sveitarfélagi og væntir sambandið þess að sú þjónusta sem þjónustumiðstöðin semur um við einstök sveitarfélög geti orðið mismikil, í samræmi við skilgreinda þörf hvers nemanda.


### **Kostnaðaráhrif**

Frumvarpið hefur ekki verið kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögum. Útreikningar um líkleg kostnaðaráhrif þess liggja því ekki fyrir en ekki hefur áður verið kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að greiða fyrir þjónustu við blinda, sjónskerta og dauðblinda.

Kostnaðaráhrif hljóta að vera umtalsverð fyrir sveitarfélögin og væri æskilegt að félags- og tryggingamálanefnd óskaði eftir upplýsingum um hve miklum tekjum er áætlað að þjónusta við sveitarfélögin skili þjónustumiðstöðinni á komandi ári.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs